

Föstudaginn 11. marz 1960.

Nr. 120/1959. **Ákærvaldið** (Guðmundur V. Jónsson hrl.)

gegn

Daníel Halldórsson

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Línđal.

Ákæra um hlutdeild í þjófnaði.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómi er áfrýjað einungis að því er varðar ákærða Daníel Halldórsson.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Eins og í héraðsdómi greinir, ók ákærði aðfaranótt 21. desember 1958 þeim Harry Pálssyni, Hreini Haukssyni Nielssen, Jóhannesi Guðmundi Þórðarsyni, Páli Davíðssyni og Þorsteini Snorra Axelssyni í leigubífreiðinni G 1796 úr Reykjavík upp í Mosfellssveit og síðan til Reykjavíkur aftur. Við framhaldspróf málsins yfirheyrði rannsóknardómari ákærða og greinda farþega hans af nýju um sakaratriði, að undanskildum Páli Davíðssyni, sem eigi hefur komið fyrir dóm.

Ákærði hefur staðfastlega neitað því, að honum hafi, er hann réðst til greindrar ökuferðar og meðan á henni stóð, verið kunnugt um fyrirætlanir farþega sinna um þjófnað eða um framkvæmd þjófnaðar þess í verzlunarhúsi Kaupfélags Kjalarnesþings, sem mál þetta er risið af. Segist ákærði „hafa litið svo á, að erindi piltanna væri að heimsækja stúlkur, er byggju þar efra“, og er það sammæli farþeganna, þeirra er fyrir dóm hafa komið, að í þeirra hóp hafi orðræða verið um að ná fundi kvenna í för þessari. Ákærði kveðst samkvæmt fyrirmælum farþega sinna hafa numið staðar við afleggjara „svo sem miðja vegu milli kaupfélagsins og Hlégarðs“ í Mosfellssveit í grennd við steinhús eitt,

þar sem ljós lýstu í glugga, og fleiri hús voru þar í námunda. Þeir farþeganna, sem fyrir dóm hafa komið, eru samsaga um, að eigi hafi verið numið staðar á móts við kaupfélags-húsið. Telja þeir þeirra, eins og ákærði, að ekið hafi verið framhjá húsi kaupfélagsins, áður en stanzað var, en einn þeirra man ekki, hvorum megin hússins numið var staðar. Fóru þeir farþeganna þarna úr bifreiðinni, og kveður ákærði einn þeirra hafa sagzt þá ætla í heimsókn í nefnt steinhús. Síðan kveðst ákærði samkvæmt beiðni farþega þeirra, sem eftir voru í bifreiðinni, hafa ekið „svo til strax“ áfram að Álafossi, þar sem numið var staðar, og segist ákærði hafa sofnað þar í bifreiðinni og sofið nokkra stund, unz farþegarnir vöktu hann. Var nú ekið nokkuð um, þar til annar farþeganna fór úr bifreiðinni að leita þremninganna. Eftir skamma stund komu þeir félagar aftur fjórir saman og höfðu þá meðferðis varning þann, er stolið hafði verið í kaupfélags-húsinu, svo sem rakið er í héraðsdómi. Því næst var ekið til Reykjavíkur, og telur einn farþeginn, að rætt hafi verið um þjófnaðinn á leiðinni þangað, en ósannað er, að svo hafi verið. Er til Reykjavíkur kom, fóru farþegarnir úr bifreiðinni. Tók ákærði af þeim félögum venjulegt ökugjald, en engan hlut þýfisins.

Þegar virt er það, sem nú var rakið, er eigi í ljós leitt, að ákærða hafi fyrirfram verið kunn áform um þjófnað þann, sem í málinu greinir. Þar sem ákærði stöðvaði bifreið sína eigi við kaupfélagshúsið, hélt eigi kyrru fyrir, eftir að þremningarnir fóru úr bifreiðinni, og myrkt var af nóttu, þá verður ekki gegn synjun hans staðhæft, að hann hafi orðið þess var, er inn í kaupfélagshúsið var brotízt. Að svo vöxnu máli verður ekki talið sannað, að ákærða hafi verið ljóst, að varningur sá, er farþegarnir höfðu meðferðis, væri stolinn. Samkvæmt þessu þykir eiga að dæma ákærða sýknu af öllum kröfum í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður allur kostnaður af áfrýjun málsins lagður á ríkissjóð, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Það athugast, að eigi verður séð, að rannsóknardómari hafi gætt ákvæða 1. mgr. 25. gr. laga nr. 60/1957.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Halldórsson, á að vera sýkn af öllum kröfum í máli þessu.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guðmundar V. Jósefssonar og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 3000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. apríl 1959.

Ár 1959, föstudaginn 3. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Friðkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1776—77/1959: Ákærvaldið gegn Harry Pálssyni og Daníel Halldórssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, útgefnu 11. þ. m., gegn Harry Pálssyni, Höfðaborg 99, nú gæzlufanga, og Daníel Halldórssyni stud. oecon., Stórholti 28, hér í bæ.

Harry er ákærður fyrir:

1.

2. Að brjótast inn í Kaupfélag Kjalarnesþings við Brúarland í félagi með 4 öðrum piltum aðfaranótt 21. desember s.l. og stela þar um kr. 600.00 í peningum, um 30 lengjum af vindlingum, 3 vindlakössum og næstum fullri flösku af bitterbrennivíni.

3.

Daníel er ákærður fyrir:

4. Hlutdeild í innbrotsþjófnaði með ákærða Harry, þeim er greinir í nr. 2 hér að framan, þar sem hann ók Harry og piltum þeim, er með honum voru við innbrotið, í bíl til innbrotsstaðar og til Reykjavíkur aftur ásamt þýfi því, er þeir stálu í umræddu innbroti.

Brot þau, er greinir í 1., 2. og 3. hér að framan, þykja varða við 244. gr. hegningarlaganna. Brot það, er greinir í nr. 4, þykir varða við 244. gr. sbr. 22. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til

greiðslu skaðabóta, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna og til greiðslu sakarkostnaðar.

.....
 Ákærði Daníel, sem fæddur er 31. maí 1934, var 30. ágúst 1957 dæmdur í 400 kr. sekt fyrir að afhenda ökuleyfislausum manni stjórn bifreiðar. Auk þess hefur hann verið áminntur fyrir umferðarlöggjafarbrot.

Málavextir eru þessir:

I.

.....

II.

Laugardaginn 20. desember f. á. ákváðu ákærði Harry Páls-son og félagar hans þrír, Þorsteinn Snorri Axelsson og Páll Dav-íðsson, er áður voru nefndir, og Jóhannes Guðmundur Þórðar-son, f. 1. júní 1943, að gera þá um nóttina eftir innbrot í verzl-unarhús Kaupfélags Kjalarnesþings í Mosfellssveit. Harry tók að sér að útvega bíl. Hitti hann ákærða Daníel, en þeir eru kunnugir, og samdi um það við hann að fara með þá í ökuferð um kl. 2 um nóttina.

Um kl. 1 um nóttina hittu þeir félagar Daníel í miðbænum. Þá hafði einnig slegist í för með þeim Hreinn Hauksson Niel-sen, kunningi Harrys, 21 árs að aldri. Létu þeir nú Daníel aka með sig upp í Mosfellssveit, og fóru Harry, Þorsteinn Snorri og Páll úr bílnum í námunda við kaupfélagshúsið, en hinir þrír urðu eftir. Fóru hinir fyrrnefndu að búðinni, brutu rúðu í geymslu bak við hana og komust þar inn. Einnig brutu þeir upp tvennar dyr inni í húsinu. Þeir náðu þarna nokkru af peningum, sam-tals að fjárhæð ca 600 kr. Þá tóku þeir um 30 pakkalengjur af sígarettum, 3 vindlakassa og átekna brennivínsflösku. Meðan þeir voru að athafna sig, kom Jóhannes til þeirra. Hreinn og á-kærði Daníel voru hins vegar alltaf í bílnum.

Meðan á biðinni stóð, ók ákærði Daníel fram og aftur á nær-liggjandi slóðum.

Þeir fjórmenningsarnir komu nú með feng sinn í kassa og komu honum fyrir í bílnum. Síðan var ekið til Reykjavíkur, og greiddu þeir félagarnir Daníel þar ökugjald fyrir ferðina. Hann fékk hins vegar engan beinan hlut af þýfinu. Eftir að hinir voru farnir úr bílnum, fóru þeir heim til Hreins og skiptu milli sín fengnum, og fékk Hreinn einnig hlut af honum.

Samkvæmt þessu er sannað, að ákærði Harry hefur framið brot það, er greinir í 2. lið ákæruskjals.

Verður nú rakinn Daníels þáttur Halldórssonar.

Daníel neitar því, að hann hafi átt neinn hlut í broti þessu. Kveðst hann ekki hafa haft neina hugmynd um það, í hvaða tilgangi ferðin var farin. Harry hafi ekki sagt honum neitt frá því, og þeir félagar ekki rætt neitt um það á leiðinni. Ekki telur hann sig hafa séð neitt grunsamlegt við biðina þar efra. Né heldur kveður hann neinar grunsemdir hafa læðzt að sér, er piltarnir komu með kassann í bílinn. Ekkert hafi verið rætt um innbrot á leiðinni til Reykjavíkur. Ekki kveðst Daníel hafa frétt neitt um þetta innbrot fyrst á eftir, enda lesi hann eigi blöð. Hann segist fyrst hafa áttað sig á því, hvað gerzt hefði, eftir að hann frétti um seinna innbrotið í Kaupfélagið (sem rætt er um undir III. hér á eftir).

Ákærði Harry kveðst þekkja Daníel vel og segir, að Daníel sé fullkunnugt um fyrri brotaferil hans. Ekki kveðst hann hafa sagt Daníel beinlínis, hvert erindið væri með ferðinni, en telur, að Daníel muni þó hafa rennt grun í það strax í upphafi. Kveðst Harry hafa ráðið Daníel til fararinnar vegna þess, að hann hafi talið samkvæmt fyrri reynslu sinni af honum, að hann mundi ekkert hafa við erindi þeirra að athuga. Harry telur, að þeir félagar muni eitthvað hafa rætt sín á milli um væntanlegt innbrot, er þeir voru á leiðinni upp eftir. Harry telur ekki efamál, að Daníel hafi verið fyllilega ljóst, hvað gerzt hafði, eftir að þeir félagar komu með feng sinn í bílinn.

Hreinn Hauksson Nielsen kveðst ekki minnst þess, að rætt hafi verið á leiðinni á innbrotstaðinn, hvað til stæði, en hann telur víst, að Daníel hafi verið ljóst, hvað verið var að gera, a.m.k. eftir að komið var með kassann í bílinn, enda hafi eftir það verið talað um það, sem gerzt hafði.

Jóhannes Guðmundur Þórðarson telur einnig, að Daníel hljóti að hafa skilið, hvað verið var að gera, enda þótt hann minnst þess ekki, að þeir félagar ræddu neitt í bílnum um erindið. Jóhannes segist m. a. hafa ráðið þetta af ummælum Daníels, en hann hafi haft á orði að það „borgaði sig ekki að vera að þessu“. Allar aðstæður hafi verið slíkar, að Daníel hljóti að hafa gert sér grein fyrir erindinu.

Þorsteinn Snorri Axelsson minnst þess ekki, að rætt væri um innbrotið á leiðinni í bílnum, en kveðst þó telja, að Daníel hljóti að hafa verið ljós tilgangur ferðalagsins, a. m. k. eftir að búið

var að gera innbrotið, og komið var með þýfið í bílinn.

Framburður ákærða Daníels er mjög ósennilegur, og þykja fram-
burðir ákærða Harrys og hinna félaganna og svo allar aðstæður
sanna það ótvírætt, að Daníel hafi verið ljóst erindið með ferð-
inni upp í Mosfellssveit umrædda nótt. Þykir hann því hafa
gerzt sekur um verknað þann, er um ræðir í 4. ákærulið, og
varðar við ákvæði, er þar eru tilgreind.

III.

.....

IV.

Refsing ákærða Harrys þykir með hliðsjón af 77. gr. al-
mennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár. Hann
hefur unnið til sviptingar kosningarréttar og kjörgengis til opin-
berra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr.
68. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing Daníels Halldórssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi
3 mánuðir. Rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og á-
kveða, að hún skuli falla niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu
dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr.
19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Hann verður ekki sviptur
réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna.

Ákærðu verða dæmdir in solidum til að greiða allan sakar-
kostnað.

Verða nú raktar bótakröfur og úrlausn þeirra.

Jón Sigurðsson kaupfélagsstjóri hefur krafizt bóta fyrir hönd
Kaupfélags Kjalarnesþings út af peningabjófnum 21. og 31.
desember. Út af fyrri innbrotinu krefst hann þess, að ákærðu
verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 600.00. Er sú krafa
í samræmi við það, sem fram er komið í málinu, og verður tek-
in til greina.

.....

Kaupfélagið hafði tryggt sig hjá Samvinnutryggingum fyrir
tjóni á vörum, áhöldum og húsi, og samkvæmt því fékk félagið
greiddar bætur, en framseldi Samvinnutryggingum jafnframt
kröfu sína að þessu leyti. Hafa Samvinnutryggingar gert bóta-
kröfur samkvæmt þessu:

1. Á hendur ákærðu in solidum út af innbrotinu 21. desember:
140 pk. Camel-sígarettur kr. 1701.00
150 — Chesterfield-sígarettur — 1810.05

3 kassar vindlar	kr.	435.75
Viðgerð á peningakassa	—	160.49
— - hurð og rúðu	—	519.00

Samtals kr. 4626.29

.....
 Kröfum þessum hefur ekki verið mótmælt, og þykja þær sann-
 gjarnar og verða teknar til greina.

Þess skal getið, að frestað var kæru á hendur piltum þeim,
 er voru þátttakendur í brotum ákærðu og komið hafa við sögu
 hér að framan.

Dómsorð:

Ákærði Harry Pálsson sæti fangelsi eitt ár.

Hann er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra
 starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Daníel Halldórsson sæti fangelsi 3 mánuði. Fresta
 skal fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður eftir 3 ár
 frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt
 skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði in solidum Kaupfélagi Kjalarnesþings kr.
 600.00 og Samvinnutryggingum kr. 4626.29.

.....
 Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað.
 Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.
